Eftir stutta læknisskoðun, á meðan Giuseppe Corte beið eftir að fara í ítarlegri skoðun var hann settur í bjart herbergi á sjöundu og efstu hæðinni. Húsgögnin voru ljós og snyrtileg sömuleiðis áklæðið, hægindastólarnir voru úr viði, púðarnir klæddir litríkum efnum. Útsýnið var yfir eitt af fallelgri hverfum borgarinnar. Allt var með kyrrð og ró, þægilegt og traustvekjandi.

Giuseppe Corte lagðist strax upp í rúmið, kveikti á lampanum yfir höfðalaginu, byrjaði að lesa bók sem hann hafði haft með sér. Stuttu seinna kom inn hjúkrunarfræðingur til þess að spyrja hvort þann vantaði eitthvað.

Giuseppe Corte vanhagaði ekki um neitt en byrjaði sjálfviljugur að spjalla við ungu konuna, og spyrja hana upplýsinga um heilsuhælið. Þannig komst hann að sérkennilegu einkenni spítalans. Þeim veiku var raðað niður á hæðirnar eftir því hversu veikir þeir voru. Sjöunda hæðin, það er hin efsta var fyrir léttvæg veikindi. Sú sjötta var fyrir þá sem voru ekki alvarlega veikir en mátti samt ekki vanrækja. Á þeirri fimmtu var annast um þá mjög veiku og svo koll af kolli, hæð eftir hæð. Á annari hæðinni voru þeir sem alvarlega veikir. Á þeirri fyrstu voru þeir sem var vonlaust að lækna jafnvel vonin var einskis virði.

Þetta kerfi flýtti fyrir þjónustunni og kom í veg fyrir að sá minna veiki gæti orðið fyrir truflun af návist félaga í andaslitrunum, og tryggði að á hverri hæð væri samskonar andrúmsloft. Auk þess gat aðhlyningunni verið skipt niður á fullkomin hátt.

Af þessu leiddi að þeim veiku var skipt niður í sjö stigvaxandi hópa. Hver hæð var lítil heimur út af fyrir sig, með sínar sérstöku reglur, og með sínar sérstöku hefðir. Og vegna þess að hver hæð var í umsjón mismunandi lækna, hafði orðið til, minniháttar en samt nákvæmur mismunur í lækningaaðferðum, þó svo að framkvæmdastjórinn hefði mælt svo fyrir að á stofnunni væri samskonar grundvallarstefna.

Þegar hjúkrunafræðingurinn var farin út, fannst Giuseppe Corte eins og sóttitinn væri horfin, hann gekk að glugganum, til þess að virða fyrir sér útsýnið yfir borgina, sem var nýtt fyrir honum, en í von um að koma auga á, út um gluggann, aðra veika af neðri hæðunum. Skipulag byggingarinnar með löngum rangölum leyfði þessa gerð skoðunnar. Giuseppe Corte beindi athygli sinni sérstaklega að gluggum fyrstu hæðarinnar sem sýndust langt í burtu, og sem hann kom bara auga á skáhallt. En hann gat ekki séð neitt áhugavert. Að mestum hluta voru torræðar slár gráu járnflekanna.

”Herra Corte varð var við að við einn gluggann við hlið hans stóð maður. Þeir tveir horfðu lengi á hvorn annan með vaxandi hrifningu, en vissu ekki hvernig þeir ættu að rjúfa þögnina. Loks herti Giuseppe Corte upp hugann og sagði: „Hefur þú líka verið hér í stuttan tíma?”

„Ó nei” sagði hinn “Ég er búinn að vera hér í tvo mánuði....”

Hann þagði í smástund og vissi ekki hvernig hann ætti að halda samtalinu áfram, og bætti við: „Ég var að horfa niður til bróður míns”.

„Bróður yðar?”

„Já” útskýrði sá ókunnugi. „Við komum hingað inn saman, virkilega sérstakt tilfelli, en honum versnaði, hugsíð yður hann er nú þegar kominn á þá fjórðu”

„Á fjórðu hvað?”

„Á fjórðu hæðina” útskýrði sá ókunnugi og bar þessi tvö orð fram með slíkri hluttekningu að Giuseppe Corte var næstum því brugðið.

„En eru þeir svo alvarlega veikir á fjórðu hæðinni?” spurði hann varfærnislega.

„Ó já” sagði hinn og hristi höfuðið lítilliga „Þeir eru ekki enn svo vonlausir, en það er samt lítið til að gleðjast yfir.”

„En jæja” spurði Corte áfram, af óþvingaðri kímni eins og þess sem minnst á hörmulega hluti sem varða hann ekki „Ef þeir eru þá þegar svona alvarlega veikir á fjórðu, hverja setja þeir þá á fyrstu hæðina”

„Æ, á þeirri fyrstu eru bara þeir dauðvona. Læknarnir þar niðri hafa ekkert meir að gera” Það er bara presturinn sem vinnur þar. Og auðvitað.....”

„En það eru fáir á fyrstu hæðinni” greip Giuseppe Corte fram í fyrir, eins og það væri nauðsynlegra að fá það staðfest. „Næstum öll herbergin þar niðri eru lokuð”

„Það eru fáir núna en í morgun voru þó nokkrir” svaraði sá ókunnugi með meinlausu brosi. „Þar sem gluggahlerarnir eru fyrir, hefur einhver dáið fyrir stuttu, sérðu ekki að á hinum hæðunum eru allir gluggahlerarnir opnir? En hafið mig afsakaðan” bætti hann við og dró sig hægt til baka. „Mér finnst eins og það sé að byrja að kólna. Ég ætla aftur upp í rúm. Gangi yður vel, gangi yður vel...”

Maðurinn hvarf úr glugganumi og honum var lokað harkalega síðan var kveikt ljós inni. Giuseppe Corte stóð hreyfingarlaus í glugganum og horfði á lokaða gluggahlerana á fyrstu hæðinni. Hann starði á þá með með sjúklegum ákafa, reyndi að ímynda sér leynilegu útfarasiði þessarar skelfilegu fyrstu hæðar þar sem hinir veiku lágu fyrir dauðanum; og honum létti að vera svona langt frá. Yfir borgina færðust á meðan kvöldrökkur. Einn af öðrum lýstust gluggarnir á heilsuhælinu upp sem í fjarska hefði mátt ímynda sér að væri veisluhöll. Aðeins á fyrstu hæðinni, þarna lengst niðri í fjarska, urðu margir tugir glugga eftir myrkrir og blindir.

Niðurstöðurnar úr almennu læknisheimsókninni létu á Giuseppe Corte. Hann hneigðist eins og venjulega til þess að sjá fyrir hið versta, og hann hafði þegar í hjarta sínu búið sig undir undir alvarlegan úrskurð og honum hefði ekki komið á óvart þó læknirinn hefði skýrt honum frá að hann þyrfti að flytja hann á neðri hæð. Það benti nefnilega ekkert til þess að sóttitinn væri að hverfa, jafnvel þó venjulegt ástand héldist gott. En þess í stað beindi læknirinn til hans kurteisilegum og uppbyggjandi orðum. Upphaf veikinda væri til staðar – sögðu þau honum- en léttvæg; eftir tvær eða þrjár vikur myndi það sennilega allt verða liðið hjá.

„Og jæja verð ég þá á sjöundu hæðinni?” Hafði þá Giuseppe Corte spurt órólega.

„Já auðvitað” Hafði læknirinn svarað og klappað vinalega á öxlina á honum. „Og hvert hélduð þér að þér þyrftuð að fara? Á fjórðu kannski?” spurði hann hlæjandi til þess að vitna til mest fáránlegu tilgátunnar.

„Betra svona, betra svona” sagði Corte. „Vitið þér að þegar maður er veikur þá ímyndar maður sér alltaf hið versta”

Giuseppe Corte varð einmitt eftir í herberberginu sem honum hafði upphaflega verið úthlutað. Hann lærði að þekkja suma spítala félaga sína, þessi fáu síðdegi sem honum var leyft að fara á fætur. Hann fylgdi læknismeðferðinni samviskusamlega, og setti allt sitt kapp á að láta sér batna sem fyrst, en samt sem áður var sem ástand hans héldist óbreytt.

Það voru liðnir um það bil tíu dagar, þegar yfirhjúkrunarfræðingur sjöundu hæðarinnar kom að tala við Giuseppe Corte. Hann þyrfti að biðja hann vinsamlega um greiða; daginn eftir átti

að koma á spítalann kona með tvö börn; tvö herbergi voru laus, einmitt við hliðina á hans, en það vantaði það þriðja; myndi herra Corte vilja fallast á að flytja sig í annað herbergi, jafn notalegt?

Giuseppe Corte var náttúrulega ekki með neitt tilstand; þetta eða annað herbergi skipti hann ekki máli; hann myndi jafnvel fá nýjan og elskulegri hjúkrunarfræðing.

„Þakka yður kærlega” sagði þá yfirhjúkrunarfræðingurinn með léttri hneigingu ; „Okkar á milli sagt þá verð ég að játa að mig undrar ekki þessi prúðmennska” Eftir klukkutíma, ef þér hafið ekkert á móti því þá stefnum við að flutningi. Athugið að það þarf að fara niður á næstu hæð” bætti hann við með mildri rödd eins og um væri að ræða smáatriði sem mætti alls ekki vanrækja. „Því miður eru ekki fleiri herbergi laus á þessari hæð. En þetta fyrirkomulag er algjörlega tímabundið” flýtti hann sér að taka fram þegar hann sá Corte sem hafði risið snögglega upp, og var um það bil að opna munninn til að andmæla. „ Algjörlega tímabundið fyrirkomulag jafnskjótt og herbergi losnar hér, sem ég held að verði eftir tvo til þrjá daga, þá getið þér snúið hingað upp.”

„Ég játa fyrir yður” sagði Giuseppe Corte brosandí, til þess að láta í ljós að hann væri ekki barn “Ég játa fyrir yður að mér líkar alls ekki flutningur af þessu tagi.”

„En það eru engin lækisfræðileg rök fyrir þessum flutningi; ég skil fullvel það sem þér eigið við, en einungis er um að ræða greiðasemi við þessa frú sem vill síður vera aðskilin frá börnum sínum... Í öllum bænum” bætti hann við hlægjandi „Látið yður ekki detta í hug að það séu aðrar ástæður!”

„Jæja” sagði Giuseppe Corte „En mér finnst þetta samt kaldar kveðjur”

Corte færðist á þennan hátt á sjöttu hæðina, og jafnvel þó hann væri þess fullviss að þessi flutningur stæði ekki samhengi við versnandi heilsu, þá var hann samt órólegur yfir tilhugsuninni um að á milli hans og hins venjulega heims heilbrigðs fólks stæði nú í vegi skilmerkileg hindrun. Á sjöundu hæðinni, þaðan sem hann kom, var enn samband við samfélag manna; það var næstum því hægt að líta á hana sem framlengingu hins venjulega heims. En á þeirri sjöttu komst maður í ósvikið umhverfi spítalans; þankagangur lækna, hjúkrunarfræðinganna og hinna veiku var lítillega öðruvísi. Strax þarna var það viðurkennt að á þessari hæð væri tekið á móti þeim sem ekki voru alvarleg veikir.

Eftir fyrstu samtölin við næstu herbergisfélaga ,við starfsfólkið og við heilbrigðisstarfsfólkið, áttaði Giuseppe Corte sig á hvernig á þessari deild var sjöunda hæðin átlitin brandari, frátekin fyrir falskveiku sem tókust á við þráhyggju frekar en annað, aðeins frá sjöttu, svo að segja, byrjaði það fyrir alvöru.

Samt sem áður skildi Giuseppe Corte að til þess að snúa aftur upp á staðinn sem honum fannst hæfa einkennum sjúkdóms síns, myndi hann örugglega lenda í einhverjum erfiðleikum; með að snúa á sjöundu hæðina, hann þyrfti að setja í gang flókið ferli, líka fyrir minnsta átak það var ekki vafi á að ef hann hefði ekki möglunarlaust samþykkt, hefði engum dottið í hug að flytja hann aftur á efri hæðina þeirra „Næstum því heilbrigðra”.

Giuseppe Corte hafði ekki uppi áform um að gefa eftir sinn rétt og ekki að láta undan hefðbundnum venjum. Við félagá sína á deildinni lagði hann mikla áherslu á að hann væri bara hjá þeim nokkra daga, og það hefði verið hann sem vildi fara niður af greiða við konuna, og leið og herbergi losnaði uppi myndi hann snúa aftur upp. Hinir hlustuðu án áhuga á hann og samþykktu af lítilli sannfæringu.

Sannfæring Giuseppe Corte fékk fulla staðfestingu hjá nýja læknum. Líka hann féllst á að Giuseppe Corte gæti vel verið á sjöundu hæðinni; ástand hans væri full-kom-le-ga léttvæg- og stafaði þessa skilgreiningu til þess að gefa henni aukið vægi- en innst inni áleit hann að á sjöttu hæðinni væri kannski hægt að hlynna betur að Giuseppe Corte.

„Byrjum ekki á þessari sögu” greip sá veiki ákveðið fram í „Þér sögðuð mér að á sjöundu hæðinni væri minn staður; og þangað vil ég snúa til baka.”

„Engin hefur sagt annað” sagði lækurinn á móti

„Þetta var einfaldlega ráðlegging mín, ekki sem læk-ni-s heldur sem sanns vin-ar! Veikindi yðar, ég endurtek, eru léttvæg, það væri ekki orðum aukið að segja að þér séuð ekki einu sinni veikur, en að mínu áliti greina þau sig frá samskonar veikindum vegna ákveðinnar meiri útbreiðslu. Ég ætla að útskýra betur, styrkleiki veikindanna er lítill, en umhugsunarverð útbreiðsla; Eyðileggingarferli frumanna” þetta var í fyrsta skipti sem Giuseppe Corte heyrði þarna inni um þetta óheillavænlega hugtak “Eyðileggingarferli frumanna er algjörlega á frumstigi, kannski er það ekki einu sinni hafið ,en það hneigist til, ég segi aðeins *hneigist til* að ráðast tímabundið á vítt svæði lífverunnar. Aðeins þess vegna, finnst mér, er hægt að veita yður árangursríkari aðhlyningu hér, á sjöttu, þar sem sjúkdómsmeðferðin er hefðbundnari og ákafari.”

Dag einn var honum tilkynnt að framkvæmdastjóri heilsuhælisins, eftir að hafa ráðfært sig lengi við samstarfsmenn sína, hefði ákveðið breytingu á niðurskiptingu þeirra veiku. Styrkleiki hvers þeirra- eins og það var orðað – myndi lækka um hálf stig. Það var viðurkennt að þeim veiku á hverri hæð yrði skipt niður, eftir alvarleika veikinda þeirra, í tvo hópa (þessi niðurskipting var reyndar ákveðin af hlutaðeigandi læknum , en eingöngu til notkunar innan hæðarinnar) þeir minna veiku af þessum tveimur hópum yrði fluttur niður á neðri hæð. Til dæmis, helmingur þeirra veiku á sjöttu hæðinni, þeir meira veiku, yrðu að flytjast á þá

fimmtu; og þeir meira veiku af sjöundu á þá sjöttu. Giuseppe Corte líkaði þessi frétt, vegna þess að í svo flóknum flutningsferli, myndi honum takast að snúa aftur á sjöundu hæðina á mun auðveldari hátt.

Þegar hann minntist á þessa von sína við hjúkrunarfræðinginn varð hann fyrir sárum vonbrigðum. Hann fékk nefnilega að vita að hann yrði fluttur en ekki á sjöundu heldur hæðina fyrir neðan. Vegna ástæðna sem hjúkrunarfræðingurinn gat ekki útskýrt fyrir honum hafði hann verið talin með hluta þeirra „veikari“ af gestum sjöttu hæðarinnar og þess vegna varð hann að fara niður á fimmtu. Þegar hann hafði jafnað sig á þessum óvæntu tíðindum, varð Giuseppe Corte öskureiður; æpti að þeir svikju hann, og að hann vildi ekki heyra minnst á flutninga niður á við, ef svo yrði myndi hann snúa heim, hann ætti sinn rétt og stjórn spítalans gæti ekki vanrækt svo hortuglega sjúkdómsgreiningar læknisins. Á meðan hann var enn öskrandi kom læknirinn til þess að róa hann. Hann ráðlagði Corte að róa sig ef hann vildi ekki fá hærri hita, hann útskýrði fyrir honum að það hefði orðið örlítill misskilningur. Hann viðurkenndi enn einu sinni að Giuseppe Corte myndi vera á réttum stað ef þeir hefðu sett hann á sjöundu hæðina, en bætti við að hann hefði örlítið öðruvísi, og að vísu mun persónulegri skoðun á máli hans. Þegar öllu væri á botninn hvolfst væri hægt að líta á veikindi hans á vissan hátt ef hann vissi hvað hann meinti af sjöttu gráðu, af útbreiðslu sjúkdómseinkennanna að dæma. Hann sjálfur skildi ekki hvernig Corte hefði verið flokkaður með hluta hinna meira veiku sjöttu hæðarinnar. Sennilegast hefði skrifstofumanni stjórnarinnar sem hefði einmitt hringt í hann um morgunin til þess að spyrjast fyrir um nákvæma sjúkrastöðu Giuseppe Corte skjátlást við umritunina. Eða betur þá hefði stjórnin viljandi gert úrskurð hans lítillaga „verri“ þar sem hann væri álitinn reyndur læknir en alltof eftirlátssamur. Á endanum ráðlagði læknirinn Corte að láta þetta ekki koma sér í uppnám, og beygja sig mótmælalaust undir flutninginn; það sem skipti máli væru veikindin, ekki staðurinn sem sá veiki væri flokkaður á.

Hvað varðaði læknismeðferðina- bætti læknirinn við- þá hefði Giuseppe Corte ekkert til að sjá eftir; læknirinn á hæðinni fyrir neðan væri mun reyndari; Hann vildi meina næstum því einstrengingslega að hæfni læknanna færi vaxandi, að minnsta kosti að dómi stjórnarinnar, eftir því sem maður færi neðar. Herbergið væri sömuleiðis notalegt og glæsilegt. Það væri jafn gott útsýni: aðeins frá og með þriðju hæðinni skyggðu há tréin á það. Vegna hækkandi sóthhita kvöldsins hlustaði Giuseppe Corte og hlustaði á hinar vandlegu útskýringar læknisins með vaxandi þreytu. Að lokum áttaði hann sig á að hann skorti styrk og fyrst og fremst vilja til þess að bregðast frekar við þessum óréttláta flutningi. Og án frekari mótmæla lét hann flytja sig á hæðina fyrir neðan.

Eina huggun Giuseppe Corte, þó lítil væri, þegar hann var komin á fimmtu hæðina, var að fá að vita að samhljóma álit læknanna, hjúkrunarfræðinganna og hinna veiku var að hann væri sá minnst veiki af öllum á þessari deild. Á þessari hæð gat hann semsagt litið á sig lengi vel sem þann heppnasta. En á móti kvaldi tilhugsunin hann um að nú orðið skildu hann meir en tveir tálmar frá honum og fólki hins venjulega heims.

Þegar leið nær sumri, þegar loftið fór að verða heitara var Giuseppe Corte ekki eins hrifinn af því og áður að standa við gluggann, enda þótt sá ótti væri smáræði, þá fannst honum allt blandast saman í sérkennilegan hroll þegar hann sá lokaða glugga fyrstu hæðarinnar, sem voru nú mun nær.

Veikindin virtust standa í stað. Eftir þriggja daga vist á fimmtu hæðinni, kom fram á hægri fætinum einhvers konar exem sem virtist ekki ætla að hverfa á næstu dögum- Læknirinn sagði honum að þetta væri kvilli algjörlega óskyldur aðalveikindunum; truflun sem gæti hent hraustustu manneskju í heimi. Til þess að losna við það á fáum dögum þyrfti að kröftulega beinkraftgeislunarmeðferð „Og er ekki hægt að fara í þessa beinkraftgeislameðferð hér” spurði Giuseppe Corte.

„Auðvitað” svaraði læknirinn af ánægju. Okkar spítali hefur allt til að bjóða” En það eru aðeins örlítil vandkvæði...”

„Og hver eru þau” spurði Giuseppe Corte af óvissu hugboði.

„Við segjum sem svo vandkvæði” leiðrétti læknirinn sig „Það sem ég vildi sagt hafa er að uppsetning þessarar beinkraftgeislameðferðar finnst aðeins á fjórðu hæðinni og ég myndi ráða yður frá því að fara alla þessa leið þrisvar á dag.”

„Og er þá ekkert meir hægt að gera,, En það væri betra að þangað til að útbrotin eru horfin að þér mynduð vilja vera svo liðlegur að fara niður á þá fjórðu”

„Nú er nóg komið” hrópaði þá Giuseppe Corte gramur. „Ég hef fengið nóg af því að fara niður á við! Þó lífið lægi við, færi ég ekki á þá fjórðu”.

„Eins og þér viljið” sagði læknirinn undanlátssamur til þess að ergja hann ekki. „En sem umsjónarlæknir yðar þá banna ég yður að fara niður þrisvar á dag”.

Það versta var að í stað þess að drægi úr exeminu breiddist það hægt frekar út. Giuseppe Corte fann enga leið til að láta það batna og bylti sér stanslaust í rúminu. Hann var reiður í þrjá daga en svo varð hann að láta undan. Ótilneyddur bað hann lækninn um að leyfa sér að fara í beinkraftgeislameðferðina og láta flytja sig á hæðina fyrir neðan.

Þar niðri tók Corte eftir, af dulinni gleði, að hann var undantekning. Hinir veiku á deildinni voru í svo augljóslega slæmu ástandi og gátu ekki einu sinni farið fram úr

rúminu í smástund. Hann hins vegar gat notið þess lúxus að komast frá herberginu sínu í beinkraftgeislameðferðina, milli þess sem hjúkrunarfræðingarnir undruðu sig hrósuðu honum.

Við nýja lækinn, tók hann sérstaklega fram sína sérstöku stöðu. Sjúklingur sem sem ætti rétt á því að vera á sjöundu hæðinni en var hins vegar á þeirri fjórðu. Jafnskjótt og exemið væri horfið, ætlaði hann sér að snúa aftur. Hann myndi ekki vilja hlusta á neinar afsakanir. Hann gæti með réttu enn verið á þeirri sjöundu.

„Ó, á þeirri sjöundu, á þeirri sjöundu!” hrópaði læknirinn yfir sig brosandí sem var að ljúka við að vitja hans. „Þið ýkið alltaf þið veiku! Ég er sá fyrsti sem segi að þér getið verið ánægður með ástand yðar; þegar ég horfi á sjúkraspjaldið yðar þá hefur ástandið ekki versnað mjög. En að tala um sjöundu hæðina af þessu- þér afsakið þessa hrottafengnu hreinskilni- það er munur þar á! Þér eruð eitt dæmi sem maður þarf ekki að hafa miklar áhyggjur af, en þér eruð þrátt fyrir allt veikur!”

„Jæja þá” sagði Giuseppe Corte og varð æstur á svipinn „Á hvaða hæð mynduð þér setja mig?”

„Já, það er erfitt að segja, ég hef ekki skoðað þig vandlega, til þess að geta sagt til um það þyrfti ég að fylgja yður eftir í að minnsta kosti eina viku”

„Allt í lagi” þrjúskaðist Corte við „En þér munið vita það hér um bil.” Læknirinn þóttist hugsí eitt andartak og síðan kinkaði hann kolli eins og hann væri að tala við sjálfan sig, og sagði svo hægt: „Jæja” Til þess að gera yður til hæfis, einmitt, en við gætum eftir allt saman? sett yður á sjöttu hæðina! Já já” bætti hann við eins og til þess að sannfæra sjálfan sig. „Sjötta hæðin væri fín.”

Læknirinn hélt að með þessu móti gæti hann glatt sjúklinginn. En þess í stað færðist skefllingarsvipur yfir andlit Giuseppe Corte; hann gerði sér grein fyrir að læknarnir á hinum hæðunum hefðu gabbað hann, og einmitt þessi nýji læknir greiniega mun hæfari og heiðarlegri í hjarta sínu-sendi hann, ekki á sjöundu, heldur á fimmtu hæðina, og kannski meðal hinna minna veiku á fimmtu! Þessi vonbrigði sem Giuseppe Corte hafði ekki átt von á gerðu hann örmagna. Þetta kvöld hækkaði sóttitinn.

Dvölin á fjórðu hæðinni markaði þann tíma sem var hvað rólegastur eftir að Giuseppe Corte kom á spítalann. Læknirinn var mjög viðkunnalegur, tillitssamur og innilegur; hann staldraði stundum við í marga klukkutíma til að spjalla um margvíslegustu málefni. Giuseppe Corte var meira en reiðubúinn til að spjalla, og leitaði umræðuefna sem snertu hans venjulega líf sem lögfræðings og heimsborgara. Hann leitaðist við að sannfæra sjálfan sig um að hann tilheyrði enn samfélagi heilbrigðra manna, og væri enn í tengslum við viðskiptaheiminn, og hafa

sannarlega áhuga á almennum áhugamálum. Hann leitaðist við þeta, án þess að takast. Yfirleitt endaði umræðan alltaf á því að ræða um veikindin.

Þráin eftir einhverjum batamerkjum var orðin af hálfgerðri áráttu hjá Giuseppe Corte. Beinkraftgeislameðferðin hafði dugað til að draga úr exeminu en því miður ekki til þess að útrýma því. Dag hvern ræddi Giuseppe Corte lengi við lækinn og hann reyndi eftir bestu getu að sýnast sterkur, jafnvel hæðinn án þess að honum tækist það nokkurn tíma.

„Segið þér mér lækni“ sagði hann dag einn „Hvernig gengur eyðileggingaferli frumanna minna?“

„O en skelfileg orð!“ sagði lækinn og skammaði hann í gríni. „Hvar í ósköpunum lærðir þú þessi orð?“ þetta gengur ekki, þetta gengur ekki, sérstaklega ekki fyrir sjúkling! „Ég vil ekki heyra framar á þetta minnst.“

„Allt í lagi“ hlýddi Corte „En með þessu móti hafið þér ekki svarað mér.“

„O ég skal svara yður strax“ sagði lækinn kurteislega. „Eyðileggingaferli frumanna, svo ég endurtaki þessa skelfilegu setningu yðar, er í yðar tilfelli í lágmarki, algjörlega í lágmarki. En það væri að freistandi skilgreina það sem þrjóskt.“

„Þrjóskt, langvinnt meinið þér?“

„Leggið mér ekki orð í munn. Ég meina aðeins þrjóskt. Flest öll tilfelli eru svona. Minnstu sýkingar þurfa oft langar og kraftmiklar meðferðir.“

„En segið mér eitt lækni, hvenær get ég átt von á einhverjum bata?“

„Hvenær? „Það er erfitt að segja til um það í tilfellum eins og þessum.... En heyrið“ bætti hann við eftir smá íhugunarhlé „Ég sé að þér hafið sanna og virkilega þrá eftir bata....ég ekki væri ekki hræddur um að gera yður reiðan, vitið þið hvað ég myndi ráðleggja?“

„En lát heyra, látið endilega heyra, HERRA? lækni.....“

„Jæja, ég læt yður heyra þetta á mjög skýru máli. Ef ég, væri með þessa veiki og líka á mjög vægu stigi myndi ég koma á þetta heilsuhæli, sem er kannski það besta sem fyrirfinnst, ég myndi láta leggja mig inn sjálfviljugur, og frá fyrsta degi, frá fyrsta degi, skiljið þér? Á eina af neðri hæðunum. Ég myndi meira að segja láta setja mig á.....“

„Á fyrstu“ bætti Corte við með stíðu brosi. „Ó nei! Á fyrstu nei!“ svaraði lækinn kaldhæðinslega „Ekki þar! En á þriðju eða jafnvel á aðra. Á neðri hæðunum eru lækni meðferðirnar mun betur unnar, ég lofa yður, tækjabúnaðurinn er mun betri og kraftmeiri, og starfsfólkið er hæfara. Vitið þér hver er sál þessa spítala?“

„Er það ekki prófessor Dati?“

„Já einmitt prófessor Dati“ Hann er sá sem fann upp lækni meðferðina sem hér er stunduð, hann er hönnuður alls tækjabúnaðarins. Já, hann er lærifaðir, svo að segja, milli fyrstu og

annarar hæðarinnar. Þaðan stafa stjórnunaráhrif hans. En, ég lofa yður því að, áhrif hans ná ekki lengra en á þriðju hæðina: ofar má segja að það verði lítið úr hans fyrirmælum, og þau missa marks, það er vikið frá þeim; hjarta spítalans er niðri og niðri þarf maður að vera til þess að fá bestu lækni meðferðina.”

„En í stuttu máli” sagði Giuseppe Corte með skjálfandi röddu

„Þér ráðleggið mér semsagt....”

„Ég ætla að bæta einu við” hélt læknirinn ótrauður áfram „Leyf mér að bæta við að í yðar tilfelli sérstaklega þyrfti að líta líka eftir útbreiðslu útbrotanna. Það er ekkert mjög mikilvægt, en samt leiðinlegt, sem gæti til lengdar gert yður „niðurdreginn”; og þér vitið hversu mikilvægt fyrir bata friðsæld hugans. Beinkraftgeislameðferðin sem ég beitti dugði ekki nema að hluta til og hvers vegna? Það getur verið að það sé tilviljun, en það getur líka verið að geislameðferðin hafi ekki verið nógu áköf. En jæja, á þriðju hæðinni eru beinkraftgeislameðferðartækin mun sterkari. Batamöguleikar exemsins yðar væru mun meiri. Svo sjáið þér? Þegar lækningin er hafin; þá erum við komin yfir erfiðasta hjallann. Þegar maður byrjar að fara upp á við, er síðan erfitt að snúa tilbaka. Þegar yður byrjar virkilega að líða betur, þá mun ekkert koma í veg fyrir að þér komið hingað upp aftur til okkar og jafnvel ofar eftir „verðleika” yðar jafnvel á fimmtu, sjöttu jafnvel á þá sjöundu leyfi ég mér að segja....”

„En haldið þér að þetta muni geta flýtt fyrir batanum?”

„Já það getur ekki verið nokkur vafi. Ég hef þegar sagt yður hvað ég myndi gera í yðar sporum.”

Læknirinn ræddi á þennan hátt daglega við Giuseppe Corte. Að lokum kom sú stund að hinn veiki var orðinn þreyttur á að kljást við exemið, þrátt fyrir meðfædda tregðu fyrir að fara á neðri hæð, ákvað að fara að ráðum læknisins og flutti sig á hæðina fyrir neðan.

Hann tók strax eftir því á þriðju hæðinni að á deildinni ríkti sérstök kátína, jafnt hjá læknum og hjúkrunarfræðingum, jafnvel þó svo að þarna niðri væru hlynnt að þeim sem voru mjög veikir. Hann varð var við að þessi kátína jókst dag frá degi; einn daginn þegar hann var farinn að treysta hjúkrunarfræðingnum vel þá ákvað hann að spyrja forvitnilega, hvernig stæði á því að allir væru svona kátir.

„Ah vitið þér það ekki?” svaraði hjúkrunarfræðingurinn „Eftir nokkra daga förum við í frí.”

„Hvað meinið þér; förum við í frí?”

„Já í fimmtán daga, þriðja hæðin lokar og starfsfólkið fer á flakk. Vaktirnar lenda á hinum hæðunum til skiptis.”

„Og þeir veiku? Hvað gerið þið við þá?”

„Vegna þessa að það eru tiltölulega fáir sjúklingar, þá verður gerð ein hæð úr þessum tveimur.”

„Hvernig? Sameinið þið sjúklingana af þriðju og fjórðu?”

„Nei, nei” leiðrétti hjúkrunarfræðingurinn hann „Af þeirri þriðju og annari. Þeir sem eru hér munu þurfa að fara niður.”

„Fara niður á aðra?” sagði Giuseppe Corte og fölnaði eins og látinn. „Mun ég semsagt þurfa að fara niður á aðra?”

„Já auðvitað. Og hvað er undarlegt við það? Þegar við komum til baka, eftir fimmtán daga, þá snúið þér til baka í þetta herbergi. Mér sýnist að það sé nú ekkert til að kippa sér upp við.”

Samt sem áður fann Giuseppe Corte- hjá sér dularfullt hugboð -og hann fann fyrir hræðslu. En, þar sem hann gat ekki hindrað starfsfólkið í því að fara í frí, og var sannfærður um að meðferðin með nýju geislunum væri áhrifaríkari og gerðu honum gott- exemið var næstum því horfið þá hafði hann ekki fyrir því að bera upp formleg mótmæli við nýju flutningnum. Hann hins vegar krafðist þess þrátt fyrir fyrirlitningu hjúkunarfræðanganna, yrði hengt á hurðina hans skilti sem skrifað var á Giuseppe Corte af þriðju hæð, flytjist” Það voru ekki dæmi um svonalagað á heilsuhælinu, en lækarnir mótmæltu ekki, vegna þess að þeir bjuggust við því að í þessu andlega ástandi eins og Cortes gæti valdið miklum taugatitringi.

Innst inni snérist málið um að bíða í fimmtán daga hvorki fleiri né færri. Giuseppe Corte hóf að telja þá af gráðugri þrjósku, liggjandi hreyfingarlaus svo tímum skipti í rúminu, og horfði á húsgögnin sem á annari hæðinni voru ekki eins nýtískuleg og með eins léttu yfirbragði eins og á deildunum á efri hæðunum, en þau voru stærri í sniðum og höfðu hátíðlegri og alvarlegri línur. Af og til sperrti hann eyrun vegna þess að honum heyrðist hann heyra af neðri hæðinni, hæð þeirra dauðvona, deild hinna „dauðadæmdu”, óljósar dauðastríðs hryglur.

Allt þetta hafði sitt að segja til þess að draga úr honum kjark. Og minni friðsæld virtist hafa slæm áhrif á veikindin, hitinn átti það til að hækka, og máttleysi hans varð almennara. Úr glugganum- en nú var komið mitt sumar og gluggarnir voru næstum því alltaf hafðir opnir- sá hann ekki lengur húspök og ekki einu sinni húsin í borginni, aðeins há tréin sem umluktu spítalann.

Eftir sjö daga, einn eftirmiðdaginn um tvöleitið, komu skyndilega inn til hans yfirhjúkrunarfræðingurinn og þrír hjúkrunarfræðingar sem ýttu á undan sér rúmi á hjólum. „Eruð þér tilbúnir fyrir flutninginn?” Spurði yfirhjúkrunarfræðingurinn í góðlyndum en spaugsömum tón.

„Hvaða flutning?“ spurði Giuseppe Corte með erfiðismunum „Hvaða fleiri brandarar eru þetta? Koma þeir af þriðju hæðinni ekki aftur eftir sjö daga?“

„Hvaða þriðju hæð?“ sagði yfirhjúkrunarfræðingurinn eins og hann hefði ekki skilið „Ég fékk skipanir um að flytja yður á fyrstu hæðina, sjáið hér“ og sýndi honum eyðublað með stimpli sem fyrirskipaði flutninginn á neðri hæðina undirritað af engum öðrum en prófessor Dati.

Hræðslan og öskureiði Giuseppe Corte sprakk út í löngu reiðiópi sem endurómaði um alla deildina. „Rólegir, rólegir í guðs bænum“ grátbáðu hjúkrunarfræðingarnir. „Hér eru illa haldnir sjúklingar!“ En það þurfti eitthvað annað til þess að róa hann.

Loksins kom deildarlæknirinn sem var mjög vinsamlegur og kurteis hlaupandi til hans. Hann aflaði sér upplýsinga og leit á eyðublaðið, og bað Corte um að útskýra fyrir sér. Svo sneri hann sér reiður að yfirhjúkrunarfræðinginum og sagði við hann að hér væru einhver mistök á ferðinni, hann hefði ekki gefið neina skipun um ráðstöfun af þessu tagi, það hefði verið óþolandi ruglingur í nokkurn tíma, og öllu væri haldið óljósu fyrir honum....Að lokum þegar hann hafði sagt þetta við starfsmann sinn, snéri hann sér, kurteisislegum tón að hinum veika, og baðst innilega afsökunar.

„En því miður“ bætti læknirinn við „Því miður þá fór prófessor Dati fyrir klukkutíma í stutt frí, en hann kemur aftur eftir tvo daga. Ég er algjörlega eyðilagður, en fyrirskipanir hans má ekki brjóta. Hann verður sá fyrsti sem mun sjá eftir þessu, ég heiti yður því... mistök af þessu tagi! Ég skil ekki hvernig þetta getur hafa gerst.“

Giuseppe Corte var nú farinn að skjálfa af geðshræringu. Hæfni hans til að hafa stjórn á sér var nú alveg horfin frá honum. Hræðslan eins og hjá barni varð yfirþyrmandi. Langir og örvæntingarfullir kveinstafir hans bergmáluðu um herbergið.

Á þennan hátt, fyrir þessi andstyggilegu mistök á endastöð hælisisins. Á deild hinna dauðvona, hann sem innst vegna alvarleika veikindanna, og líka að mati hinna færustu lækna ætti fullan rétt á því að verða sendur á sjöttu og jafnvel á þá sjöundu hæðina! Ástandi var svo afkáralegt að af og til fann Giuseppe Corte hjá sér löngun til þess flissa án áfláts háðslega.

Þar sem hann lá í rúminu færðist hiti eftirmiðdagsins yfir borgina stóru, hann horfði hann út um gluggann í átt að tjánum, með svip þess sem er niðurkominn í heimi óraunveruleikans, með fáránlegum veggjum og sótthreinsuðum flísum, með ísköldum útfararar anddyrum, með hvítum andlausum mannsmyndum. Honum datt meira að segja í hug að tréin sem beygðust í átt að glugganum væru ekki raunveruleg; en að lokum sannfærðist hann þegar hann sá laufin á þeim ekki bærast neitt. Þessi hugmynd angraði hann svo að, Corte hringdi á hjúkrunarfræðinginn með bjöllunni og bað hann að færa sér nærsýnisgleraugun, sem hann notaði ekki í rúminu, þá loks náði hann að róa sig aðeins: með hjálp gleraugganna gat hann

fullvissaði sig um að tréin væru raunveruleg og blöðin, þrátt fyrir að þau væru létt þá bærðust þau af og til eilítið í vindinum.

Þegar hjúkrunafræðingurinn var farin, eyddi hann stundarfjórðungi í algjörri þögn. Sex hæðir, sex hræðilegir varnarmúrar, sem fyrir algjör formleg stjórnunarmistök, gnæfðu nú yfir Giuseppe Corte af hlífðarlausri þyngd. Á hversu mörgum árum, já, hann þurfti að hugsa í árum, á hversu mörgum árum myndi honum takast að fara aftur upp brún þverhnýpisins?

En af hverju varð allt í einu svona dimmt í herberginu? Var ekki miður dagur? Af æðsta krafti leit Giuseppe Corte, sem fannst hann vera sem lamaður af einkennilegum svefndruna á klukkuna á kómmóðunni við hliðina á rúminu. Hún var hálf fjögur. Hann sneri höfuðinu í hina áttina, og sá gluggatjöldin hlýða einhverri dularfullri skipun, renna hægt niður og koma þannig í veg fyrir að ljósið kæmist inn.